

Mál nr. 308/2016**M og
og váttryggingafélagið V vegna ferðatrygginga greiðslukorta.****Breyting á ferðatilhögun vegna veikinda ferðafélaga 11.11.2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 20.9.2016, ásamt fylgigögnum, bréfi lögmanns málskotsaðila dags. 24.11.2016 og tölvupósti sama dags. 2. janúar 2017.

Bréf V, dags. 13.12.2016, ásamt gögnum, þ.á.m. tölvupósti V dags. 29.12.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hugðist ferðast frá Frankfurt til Abu Dhabi á tímabilinu 11-21. nóvember 2015 til þess að stunda veiðar og kveðst hafa greitt fyrir farseðil á þeirri leið (GBP 802,21) og sömuleiðis fyrir veiðileyfi á Seychelles-eyjum (USD 11.000). Í Frankfurt veiktist ferðafélagi hans alvarlega og breyttist ferðatilhögun M í kjölfarið þannig að hann flaug tilbaka til Íslands og fór ekki í þá veiðiferð sem hann hafði ætlað í. M hefur krafist endurgreiðslu þess kostnaðar sem að ofan greinir þar sem hann hafi ekki verið ferðafær vegna sálræns áfalls sem hann varð fyrir vegna alvarlegra veikinda ferðafélaga síns. Í bréfi lögmanns M til V dags. 8. apríl 2016 er þeim aðstæðum lýst og vísað er einnig til læknisvottorðs dags. 31. ágúst 2016 þar sem heimilislæknir M metur það svo að M hafi orðið óferðafær þann 11. nóvember 2015 vegna atvika sem tengdust umræddum alvarlegum veikindum ferðafélaga M.

V telur ekki skilyrði til greiðslu bóta úr ferðatryggingu greiðslukorts M. V vísar til gr. 8 í váttryggingarskilmálum ferðatryggingar korta Íslandsbanka þar sem fram kemur að váttryggður geti einungis átt rétt á hlutfallslegri endurgreiðslu ferðakostnaðar ef hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS International að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna alvarlegra veikinda eða slyss. V telur að umrætt skilyrði um skriflegt læknisráð sé ekki uppfyllt með mati læknis sem hittir M ekki fyrr en hann er kominn heim, auk þess ekki hafi verið leitað eftir samþykki V eða SOS International, eins og áskilið sé. Einnig bendir V á að 6. gr. váttryggingarskilmálanna eigi heldur ekki við þar sem fjallað er um ferðarof vegna veikinda náinna ættingja, sbr. skilgreiningu í I. kafla skilmálanna á því hverjir falli þar undir, en það séu aðrir en ferðafélagi M.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að alvarleg veikindi ferðafélaga M leiddu til ákvörðunar M um ferðarof, þ.e. að hætta við fyrirhugaða veiðiferð til Seychelles-eyja. Skilyrði þess að fá endurgreiddan ferðakostnað vegna ferðarofs eru tilgreind í 8. gr. váttryggingarskilmála V. Í ljósi þess að ákvörðun M um að rjúfa ferð sína var á þeim tímapunkti ekki tekin skv. skriflegu læknisráði, né heldur með samþykki V eða samstarfsfyrirtækis V SOS International, verður ekki séð að skilyrði umræddrar 8. gr. váttryggingarskilmála séu uppfyllt. Váttryggingarsamningurinn veitir að öðru leyti ekki bótarétt vegna ferðarofs M og verður því ekki fallist á greiðsluskyldu V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. janúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.